

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 43/2003

frá 16. maí 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2002 frá 6. desember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 868/2002 frá 24. maí 2002 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 869/2002 frá 24. maí 2002 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1530/2002 frá 27. ágúst 2002 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1752/2002 frá 1. október 2002 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 38, 13.2.2003, bls. 18 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 9, 13.2.2003, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 137, 25.5.2002, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 137, 25.5.2002, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 230, 28.8.2002, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 264, 2.10.2002, bls. 18.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32002 R 0868:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 868/2002 frá 24. maí 2002 (Stjtið. EB L 137, 25.5.2002, bls. 6),
- **32002 R 0869:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 869/2002 frá 24. maí 2002 (Stjtið. EB L 137, 25.5.2002, bls. 10),
- **32002 R 1530:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1530/2002 frá 27. ágúst 2002 (Stjtið. EB L 230, 28.8.2002, bls. 3),
- **32002 R 1752:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1752/2002 frá 1. október 2002 (Stjtið. EB L 264, 2.10.2002, bls. 18).“

2. gr.

Texti reglugerða (EB) nr. 868/2002, 869/2002, 1530/2002 og 1752/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann